



Reykjavík 27.04.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 26. apríl 2017 varðandi eftirfarandi mál.

### **Vesturlandsvegur**


Lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 3.apríl 2017, um nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg. Afmörkun fyrirhugaðs deiliskipulags er frá sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ að afleggjaranum inn í Hvalfjörð. Um er að ræða ca. 14 km kafla og helgunarsvæði hans. Með deiliskipulaginu næst heildstætt yfirlit yfir tengingar fyrir hliðarvegi, stíga og reiðleiðir auk fleiri umferðaröryggismála sem þarf að útfæra í skipulagi.

*Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.*

*Vísad til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 3.apríl 2017



Reykjavíkurborg  
Skipulagsfulltrúi

# VESTURLANDSVEGUR

SKIPULAGS- OG MATSLÝSING VEGNA NÝS DEILISKIPULAGS

Lögð fram skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana 105/2006.



Dags. 3. apríl 2017



## Efnisyfirlit

INNGANGUR .....	3
AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS.....	3
STAÐSETNING OG AFMÖRKUN.....	3
LÝSING Á UMHVERFI OG STAÐHÁTTUM – NÚVERANDI ÁSTAND .....	5
Deiliskipulagssvæðið .....	5
Hljóðvist.....	5
Umferð .....	5
Starfsemi og byggð .....	5
Helstu viðfangsefni og meginmarkmið.....	6
TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR .....	6
Samgönguáætlun 2018 .....	6
Landsskipulagsstefna 2015-2026.....	6
Svæðisskipulag 2040.....	7
Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.....	7
UMHVERFISMAT ÁÆTLUNARINNAR .....	10
SAMRÁÐS- OG UMSAGNARAÐILAR .....	10
SKIPULAGSFERLIÐ .....	11

## INNGANGUR

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 segir að þegar vinna við gerð deiliskipulags hefst skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur hún hafi við deiliskipulagsgerðina. Deiliskipulagið fellur einnig undir lög um umhverfismat áætlana og er hér jafnframt lýst umfangi og áherslum umhverfismats í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Í umhverfis- og skipulagsráði 5. október 2016 var lagt fram og samþykkt minnisblað skipulagsfulltrúa er varðar að vinna nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg vegna fyrirhugaðra framkvæmda Vegagerðarinnar á Vesturlandsvegi. Vegagerðin óskaði í júní 2016, eftir afstöðu Reykjavíkurborgar um þörf á gerð sérstaks deiliskipulags vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vesturlandsvegi. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er stefnt að því að hann verði endurbættur með það að markmiði að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð. Á skipulagstímabilinu er stefnt að 2+1 vegi og fækkun tenginga við þjóðveginn með gerð hliðarvega. Til lengri framtíðar er gert ráð fyrir mislægum gatnamótum á þremur stöðum við Vesturlandsveg á Kjalarnesi, en tímasetning slíkra framkvæmda verður metin út frá aukningu umferðar og umferðaröryggi. Samhliða því yrði vegi breytt í 2+2 veg. Í fyrrnefndu minnisblaði skipulagsfulltrúa þá er lagt til að unnið verði deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg og helgunarsvæði hans. Afmörkun skipulagssvæðisins yrði nánar útfært í skipulagsvinnunni og skyldi fylgja lýsingu skipulagsins.

## AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS

Fyrirhugaðar framkvæmdir Vegagerðarinnar ná til um 9 km kafla 2+1 vegar frá Hvalfjarðargöngum að Kollafirði í núverandi vegastæði Vesturlandsvegur. Hins vegar er lagt til að fyrirhugað deiliskipulag taki yfir stærra svæði, þ.e. frá sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ að Hvalfjarðargöngum/ afleggjaranum inn í Hvalfjörð. Með deiliskipulaginu næst heildstætt yfirlit yfir allar tengingar, (hliðarvegi, stíga, reiðleiðir o.fl.) auk fleiri umferðaröryggismála sem þarf að útfæra í skipulagi. Markmið framkvæmda og skipulagsins er að vegurinn verði endurbættur til að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð. Stefnt er að 2+1 vegi og fækkun tenginga við þjóðveginn með gerð hliðarvega.

## STAÐSETNING OG AFMÖRKUN



Í framhaldi af ofangreindu þá hafa Vegagerðin og Reykjavíkurborg ákveðið að vinna sameiginlegt deiliskipulag frá sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ að Hvalfjarðargöngum sem kæmi í stað núverandi deiliskipulags frá 1973. Í skipulagsvinnunni þarf að skoða vel allar aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir á svæðinu og mögulega að breyta einhverjum þeirra ef svo ber undir. Um er að ræða ca. 14 km kafla og skilgreint helgunarsvæði hans. Nánari afmörkun verður sett fram á korti hér að aftan.

Mynd 1

Loftmynd @borgarvefsjá - séð yfir stóran hluta af skipulagssvæðinu



**Mynd 2**  
**Áætluð afmörkun skipulagssvæðisins**

## LÝSING Á UMHVERFI OG STAÐHÁTTUM – NÚVERANDI ÁSTAND

### Deiliskipulagssvæðið

Sem fyrr segir þá er deiliskipulagssvæðið 14 km kafla á Vesturlandsvegi og eru 42 gatnamót, tengingar, þveranir o. fl. á þessum kafla. Á stærstum hluta vegarins er leyfður hámarks hraði 90 km en á smá kafla við Grundarhverfi er 70 km hámarks hraði. Ein akrein er í hvora átt.

Reiðstígur á skipulagssvæðinu fylgir ýmist gamla þjóðveginum eða öðrum hliðarvegum en er á malarstíg frá Stekkjarvegi að Kirkjulandsvegi en þar færast reiðstígurinn yfir á Esjuveg og er á honum að Vallá. Norðan við Vallá færast reiðleiðin yfir á slóða meðfram veginum og fylgir Vesturlandsvegi að gamla veginum við Hvalfjörð.

Engir hjóla- eða göngustígar eru innan deiliskipulagssvæðisins í dag.

Eitthvað er af deiliskipulagsáætlunum í gildi sem gætu náð yfir veghelgunarsvæði og verður það skilgreint nánar í skipulagsvinnunni.

### Hljóðvist

Gerðar verða hljóðmælingar og hljóðkort útfra þeim fyrir núverandi hljóðvist og áætlaða hljóðvist við gerð deiliskipulagsins.

### Umferð

Árið 2016 var meðalumferð bíla á Vesturlandsvegi eftirfarandi (upplýsingar af heimasíðu Vegagerðarinnar)<sup>1</sup>:

	ÁDU [ökut/sólarhr]	SDU [ökut/sólarhr]	VDU [ökut/sólarhr]
Við veðurstöð á Kjalarnesi	8.112	10.343	6.291
Við Árvelli á Kjalarnesi	8.000	10.335	6.087
Við Blikadaslá	7.069	9.281	5.308

Að jafnaði er meiri umferð yfir sumartímann en yfir vetrartímann. Fram til ársins 2014 var lítil aukning á umferð á Vesturlandsvegi á deiliskipulagssvæðinu. Frá árinu 2014 jókst umferð um 5-13% á ári. Ekki eru til upplýsingar um umferð gangandi, hjólandi né reiðmanna á stígum í nágrenni vegarins.

### Starfsemi og byggð

Kjalarnes er fámennasta hverfið í Reykjavík en á sama tíma það lang stærsta að flatarmáli enda á sjálf Esjan heimilisfesti á Kjalarnesi. Á Kjalarnesi mætist sveit og borg en hverfið samanstendur af Grundahverfi og síðan dreifbýlinu sem nær frá Kollafirði og inn í Hvalfjörð. Talsverður landbúnaður er stundaður í hverfinu og eru verkefni margra íbúa þar harla ólík þeim viðfangsefnum sem flestir Reykvíkingar fást við á degi hverjum. En þó að íbúar séu fáir eru þeir kraftmiklir enda löng hefð fyrir ýmis konar félagslífi á Kjalarnesi. Í Grundahverfi er glæsilegur grunnskóli, Klébergsskóli en í hverfinu er einnig leikskóli, sundlaug, frístundaheimili og fleira. Fólkið á Kjalarnesi velur sér að búa á mörkum sveitar og borgar og fær í staðinn nálægð við náttúruna og mikið rými fyrir hvern og einn.

<sup>1</sup> ÁDU; ársdagsumferð, SDU; sumardagsumferð, VDU; vetrardagsumferð

## Helstu viðfangsefni og meginmarkmið

Markmiðið með deiliskipulaginu er m.a. að:

- Skilgreina hvaða endurbætur eru þarfar á núverandi Vesturlandsvegi og setja inn í deiliskipulag
- Auka umferðaröryggi, greiða fyrir umferð og fækka tengingum frá hliðvegum
- Skilgreina heildstætt yfirlit yfir tengingar fyrir
  - hliðarvegi
  - göngu- og hjólstíga
  - hjólaleiðir
  - reiðstíga
- Skoða sérstaklega ákveðin svæði með tilliti til umferðaröryggis
  - Esjumela
  - Mógilsá
  - Grundarhverfi

## TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### Samgönguáætlun 2018

Á samgönguáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir 700 m.kr. fjárveitingu í framkvæmdir á Vesturlandsvegi um Kjalarnes, á vegkafli f5 sem nær frá Þingvallavegi að Brautarholtsvegi.

### Landsskipulagsstefna 2015-2026


Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er fjallað um sjálfbærar samgöngur við skipulag dreifbýlis, þar á meðal að skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi og að sveitarfélög nýti skipulagsgerð til þess að skilgreina meginleiðir ferðamanna, gangandi, ríðandi og hjólandi.

Við umfjöllun um búsetumynstur og dreifingu byggðar kemur jafnframt fram að skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta. Einnig er lögð áhersla á að skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund. Skipulag feli einnig í sér stefnu um almenningssamgöngur. Jafnframt verði mótuð stefna um tengingar milli helstu meginkjarna í samræmi við samgönguáætlun. Einnig kemur fram í landsskipulagsstefnu að sveitarfélög skuli marka í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.

## Svæðisskipulag 2040

Í svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið 2040 er í stefnu þess sett fram stefna um skilvirkar samgöngur (Leiðarljós 2. Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi). Þar segir m.a. „Skipulag samgöngukerfis höfuðborgarsvæðisins tryggir skilvirkar samgöngur fyrir íbúa, atvinnulíf og sífellt fleiri gesti. Áhersla er lögð á eflingu hagkvæmra, vistvænna samgöngumáta sem auka ekki álag á stofnvegakerfið. Skilvirkni samgangna á mælikvarða hagkvæmni og umhverfis er aukin.“ Jafnframt segir: „Stofnleiðir vega, almenningsamgangna, göngu og hjólréiða mynda heildstæð kerfi sem tengja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og stærri hverfiseiningar þeirra vel saman. Þessi stofnkerfi eru samþætt þannig að vegfarendur eigi auðvelt með að nota fleiri en einn ferðamáta í hverri ferð kjósi þeir það.“ (Höfuðborgarsvæðið 2040, bls. 27).

## Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030



### Mynd 3

#### Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 kemur fram að markmið fyrir borgarhlutann Kjalarnes, er m.a. endurskipulagning Vesturlandsvegur með mismögum vegamótum í framtíðinni og að tryggðar verði öruggari, greiðari og vistvænni samgöngur innan borgarhlutans með endurbótum á Vesturlandsvegi og síðar með gerð Sundabrautar. Jafnframt er eitt af markmiðunum að byggja upp göngu-, hjóla- og reiðstígakerfi sem verði hluti af heildstæðum stígakerfum borgarinnar.

Varðandi Vesturlandsveginn þá kemur fram í aðalskipulagi undir samgöngukaflanum að hann verði endurbættur með það að markmiði að auka umferðaröryggi og greiða umferð. Á skipulagstímabilinu er stefnt að 2+1 vegi og fækkun tenginga við þjóðveg með gerð



hliðarvega. Samkvæmt samgönguáætlun er gert ráð fyrir framkvæmdum á tímabili áætlunarinnar (2019-2022). Útfærsla liggur ekki fyrir en vinna við frumhönnun var hafin á árunum 2007 til 2008, en hefur að mestu legið niðri síðan þá. Til lengri framtíðar er gert ráð fyrir mislægum vegamótum á þremur stöðum við Vesturlandsveg á Kjalarnesi, en tímasetning slíkra framkvæmda verður metin út frá aukningu umferðar og umferðaröryggi. Samhliða því yrði vegi breytt í 2+2.

### **Gildandi deiliskipulag**

Gildandi deiliskipulag, Vesturlandsvegur frá Kollafirði að Tíðaskarði, er staðfest 13. mars 1973. Aðeins er um uppdrátt að ræða sem sýnir legu vegarins engin greinargerð eða skilmálar fylgja. Gert er ráð fyrir að fella þetta deiliskipulag úr gildi við staðfestingu á nýju deiliskipulagi.

### **Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir**

Eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eiga skipulagsmörk að eða yfir væntanlegu skipulagssvæði vegarins auk skipulaga sem mögulega verða fyrir áhrifum vegna nálægðar við deiliskipulagssvæðið:

1. Deiliskipulag athafnasvæðis á Esjumelum á Kjalarnesi, samþykkt 06.10.2016
2. Deiliskipulag Mógilsár og Kollafjarðar, samþykkt 10.09.2002. Nær yfir Vesturlandsveg og þarf því að breyta.
3. Heildarskipulag – Skipulag á Kjalarnesi í landi Móa, Skrauthóla og Sjávarhóla, samþykkt 3 febrúar 1975 af sveitarstjórn Kjalarneshrepps og af landnámsstjórnar 29.10.1975.
4. Sætún I, Kjalarnesi samþykkt 16.08.2007, breytt 20.05.2016
5. Árvellir, Kjalarnesi, samþykkt 20.06.2000.
6. Deiliskipulag fyrir jörðina Tinda á Kjalarnesi 12.04.2007.
7. Vík, samþykkt 04.10.2007, breytt 05.11.2015. Gert ráð fyrir að breyting verði á tengingu við Vesturlandsveg, t.d. með hliðarvegi, en að sú útfærsla verði með nýju deiliskipulagi fyrir Vesturlandsveg.
8. Saltvík á Kjalarnesi, samþykkt 06.10.1998, síðast breytt 27.05.2016.
9. Skrauthólar á Kjalarnesi, 12.06.2015. Deiliskipulagið nær yfir Vesturlandsveg og þarf að breyta.
10. Vallá, Kjalarnesi, samþykkt 28.11.2014. þarf mögulega að breyta vegna breyttrar aðkomu.
11. Lóð Klébergsskóla, samþykkt 18.04.2000.
12. Deiliskipulag Grundarhverfis, samþykkt 26.02.1998



**Mynd 4**  
**Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir**

## HÆTTUMAT

Hættumat vegna ofanflóða fyrir Kjalarnes, desember 2014. Hættumat nær frá Stekk í norðaustri og rétt norðvestan við Skrauthóla. Hættusvæði C nær yfir um 1 km af Vesturlandsvegi, neðan Skrauthóla, Vindheima og Sjávarhóla.

## UMHVERFISMAT ÁÆTLUNARINNAR

Breyting á Vesturlandsvegi samkvæmt því sem hér hefur verið lýst fellur undir tl. 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Framkvæmdin er því tilkynningaskyld skv. flokki B, þar sem um breytingar eða viðbætur við matskylda framkvæmd skv. flokki A er að ræða. Deiliskipulagið, sem er undanfari þessarar framkvæmdar, er því háð umhverfismati skv. lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Undirbúin verður umhverfisskýrsla með tillögu að deiliskipulagi þar sem líklegum áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum samkvæmt skipulaginu eru metin. Um er að ræða endurbætur sem eru að mestu í núverandi legu Vesturlandsvegur og innan veghelgunarsvæði þess.

Gerð verður grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á eftirfarandi þætti: Fornminjar, náttúrufar, landslag og ásýnd lands, landnotkun, hljóðvist, aðgengismál gangandi, hjólandi og hestamanna og umferðaröryggi.

Metin verða hugsanleg áhrif á aðliggjandi svæði og einstaka umhverfisþætti og niðurstöðu matsins lýst í greinargerð deiliskipulagsins. Umhverfisáhrifin verða metin út frá þeim gögnum og upplýsingum sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis og skráningu á fornminjum. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir stefnuskjöllum, lögum og reglugerðum sem umhverfismat fyrir hvern þátt byggir á, mat lagt á vægi umhverfisáhrifa og lagðar til mótvægisáðgerðir eða vöktun ef við á.

## SAMRÁÐS- OG UMSAGNARAÐILAR

Skipulagsstofnun

Hverfisráð Kjalarnesi

Íbúasamtök Kjalarnesi

Veðurstofan

Strætó BS

Umhverfisstofnun

Minjastofnun Íslands

Borgarsögusafn Reykjavíkur

OR/Veitur

Landssamtök hjólreiðamanna

Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna

Hestamannafélagið Hörður

Mosfellsbær

Eftirfarandi deildir og svið Reykjavíkurborgar:

- Samgöngudeild umhverfis- og skipulagssviðs
- Heilbrigðiseftirlitið
- Skrifstofa framkvæmda og viðhalds hjá umhverfis- og skipulagssviði
- Skrifstofa náttúru og garða hjá umhverfis- og skipulagssviði

## SKIPULAGSFERLIÐ

### Tímasetning helstu verkáfanga og kynninga fyrir almenning:

Apríl - Maí 2017	Lýsingin samþykkt til auglýsingar í umhverfis- og skipulagsráði og samþykkt í borgarráði og í framhaldinu gerð aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.
Apríl - Maí 2017	Lýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila sem eru skilgreindir hér að framan.
Maí – Júní 2017	Deiliskipulagstillaga í vinnslu. Kynningarfundur áætlaður.
September 2017	
Október 2017 -	Drög að deiliskipulagi kynnt. Unnið úr ábendingum til frekari vinnslu inn í deiliskipulagið.
Nóvember 2017 -	Deiliskipulagstillaga afgreidd og samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa og á fundi umhverfis- og skipulagsráðs.
Nóvember 2017	Deiliskipulagstillaga kynnt og auglýst.
Janúar 2018	
Febrúar 2018	Athugasemdum svarað og svörin afgreidd í umhverfis- og skipulagsráði og í borgarráði.
Febrúar 2018	Tillaga send Skipulagsstofnun.
Mars 2018	Tillaga auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar og kynningarfundar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar og vera aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu>